

72. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs mánudaginn 18. apríl 2011. kl. 16:30 í húsnæði skjalasafnsins að Hamraborg 1.

Dagskrá:

1. Vörslustefna Héraðsskjalasafnsins
2. Starfsemi Héraðsskjalasafnsins að undanfögnu
3. Starfsmannamál
4. Húsnæðismál
5. Áformuð verkefni
6. Önnur mál

Mættir voru Pétur Hrafn Sigurðsson, Helga Margrét Reinhardsdóttir, Sveinbjörn Strandberg, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Gunnar Marel Hinriksson fundarritari.

1. Drögum að vörslustefnu var dreift. Héraðsskjalavörður kynnti áætlunina sem verður rædd nánar á næsta fundi.

2. Héraðsskjalavörður fór yfir starfsemi safnsins að undanfögnu.

3. Starfsmaður með tímabundna ráðningu hefur látið af störfum sem og starfsmaðurinn sem sá um ræstingar.

4. Lögð fram skýrsla undirbúningshóps um húsnæðismál Héraðsskjalasafns Kópavogs og Bókasafns Kópavogs. Pétur Hrafn formaður hópsins kynnti skýrsluna.

5. Gunnar Marel fór yfir dagskrá Héraðsskjalasafnsins á Kópavogsdögum í kringum 11. maí næstkomandi og stöðuna á örnefnariti Guðlaugs R. Guðmundssonar.

6. Pétur Hrafn spurði um öskjumál, héraðsskjalavörður hefur óskað eftir tilboði frá framleiðanda. Héraðsskjalavörður greindi frá bókaþöf sem safninu barst, innbundin Alþingistíðindi frá upphafi til 1972. Gefandi er Gísli Rafn Ólafsson.

Næstu fundur ákveðinn mánudaginn 23. maí. Fleira ekki gert, fundi slitið 17:30.

Pétur Hrafn Sigurðsson (sign)

Sveinbjörn Strandberg (sign)

Helga Margrét Reinhardsdóttir (sign)